

Ályktun um skiptingu gjalds vegna fiskeldis í sjó

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023 fagnar tillögum um að leggja fiskeldissjóð niður sem samkeppnissjóð, en skorar jafnframt á stjórnvöld að taka til endurskoðunar tekjuskiptingu af gjaldi vegna fiskeldis í sjó með það að markmiði að auka þá hlutdeild sem rennur til fiskeldissveitarfélaga í gegnum Fiskeldissjóð.

Greinagerð:

Með lögum nr. 89/2019 voru lögð á gjaldskylda vegna fiskeldis í sjó og er þar rekstrarleyfishöfum fiskeldisstöðva gert að greiða gjald í ríkissjóð sem nemur allt að 3,5% af meðaltali alþjóðlegs markaðsverðs á atlantshafslaxi. Ráðstöfunarfé Fiskeldissjóðs er ákveðið á fjárlögum og hefur hingað til verið miðað við að 1/3 gjaldsins renni í Fiskeldissjóð sem síðan úthlutar styrkjum til innviðaverkefna í fiskeldissveitarfélögum. Álagning gjaldsins er á grundvelli magns slátraðs eldisfisks hverju sinni. Ljóst má vera að skipting þessa gjalds, þar sem nú fer 1/3 þess til sveitarfélaganna í gegnum Fiskeldissjóð, er ekki sanngjörn því verið er að nýta staðbundnar náttúruauðlindir með tilheyrandi þörf á stækkun innviða þeirra sveitarfélaga þar sem fiskeldið er stundað. Því er skorað á stjórnvöld að taka til endurskoðunar tekjuskiptinguna með það að markmiði að auka þá hlutdeild sem rennur til fiskeldissveitarfélaga í gegnum Fiskeldissjóð.

Allsherjanefnd